

Leikskólinn í Stykkishólmi 2018-  
2019

Ársskýrsla

2018-2019  
Elísabet Lára Björgvinsdóttir

## Efnisyfirlit:

Starfstími skólans.....	3
Starfsmannahald og nemendafjöldi.....	3
Stjórnendur .....	3
Starfsmenn.....	3
Starfsmenn – stöðugildi 1. maí 2019: .....	3
Nemendafjöldi .....	3
Skipulag leikskólans.....	4
Opnunartímar .....	4
Húsnæði .....	4
Stoðþjónusta - stuðningsúrræði .....	4
Sérkennsla .....	4
Uppeldi og menntun .....	5
Aðalnámskrá leikskóla.....	5
Skipulagsdagar .....	5
Leikskóladagatal.....	5
Foreldra samstarf.....	5
Annað samstarf .....	6
Símenntunaráætlun.....	6
Skólaárið í hnotskurn .....	7
Áætlanir, reglugerðir og eyðublöð.....	8
Önnur mál.....	9

## Starfstími skólans

Skólastarf hófst mánudaginn 13. ágúst 2018 og sumarfrí leikskólans byrjar 8. júlí 2019. Skólinn er opinn alla virka daga utan sumarleyfislokunar nema þegar auglýstir skipulagsdagar eru.

## Starfsmannahald og nemendafjöldi

### Stjórnendur

Við leikskólann starfa leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt hefur verið sérkennslustjóri, og fjórir deildarstjórar. Elísabet Lára Björgvinsdóttir leysti Sigrúnu Þórsteinsdóttur af í starfi leikskólastjóra frá 1. september 2018 til 1. september 2019. Berglind Ósk Kristmundsdóttir leysti Elísabetu af í starfi aðstoðarleikskólastjóra á sama tíma en mun taka við stöðu sérkennslustjóra eftir það.

### Starfsmenn

Heildarfjöldi starfsmanna sem starfa við leikskólann 1. maí 2019 er 29 í 24,85 stöðugildum. Þar af voru ein 100% staða í ársleyfi þar af launuðu námsleyfi í 9 mánuði og ein 43,75% staða í veikindaleyfi. Fjórir leikskólakennarar eru í 3,86 % stöðu, stjórnendur þar með taldir. Einn starfsmaður er í leikskólakennaranámi, tveir eru með grunnskólakennaramenntun og þrír með aðra háskólamenntun. Iðjuþjálfari var hér í 75% starfi frá október til maí. Aðrir starfsmenn eru með ýmisskonar menntun og reynslu af leikskólastarfi. Yfir sumartímamann fáum við 2-3 nemendur vinnuskólans til starfa.

### Starfsmenn – stöðugildi 1. maí 2019

Stjórnun: 1,4 stöðugildi  
Deildarstjórar: 3,75 stöðugildi  
Aðrir kennarar og afleysing: 16 í 12,61 stöðugildum  
Sérkennsla/stuðningur við deild: 2,0 stöðugildi  
Starfsmenn með örorkuvinnusamning: 0,86  
Eldhús/þvottar: 1,63 stöðugildi  
Ræsting: 1,16 stöðugildi  
Í námsleyfi og veikindaleyfi: 1,44 stöðugildi

### Nemendafjöldi

Leikskólinn í Stykkishólmi er fyrir börn frá 1. árs aldri til 6 ára.

Nemendafjöldi 1. maí 2019 var eftirfarandi:

14 börn fædd 2013  
18 börn fædd 2014  
18 börn fædd 2015  
15 börn fædd 2016  
16 börn fædd 2017  
2 börn fædd 2018

*Samtals 83 börn í 660 dvalarstundum (616 árið 2018).*

## Skipulag leikskólans

### Opnunartímar

Leikskólinn í Stykkishólmi er opinn frá kl 7:45 – 16:30. Sumarlokun sumarið 2019 eru 24 virkir dagar. Skólaárið 2018-2019 voru fjórir heilir skipulagsdagar og tveir hálfir (þá er lokað frá kl. 12), einn heill og tveir hálfir voru á haustönn og þrír heilir á vorönn.

### Húsnæði

Leikskólinn í Stykkishólmi var byggður sem þriggja deilda leikskóli með möguleika á að stækka um eina deild. Deildirnar heita Ás, Nes og Vík. Við leikskólann stendur laus kennslustofa sem ber fjórðu deildina sem nefnist Bakki. Þar eru allra yngstu börnin og voru 13 börn þar á vorönn. Brýnt er að hugsa fyrir því að hefja framkvæmdir við stækkun leikskólans.

## Stoðþjónusta - stuðningsúræði

### Sérkennsla

Hvert barn fær kennslu og uppeldi við hæfi. Ef og þegar þörf er á fá nemendur leikskólans sérkennslu ýmist í litlum hópum eða eitt og sér. Þetta getur átt við um tvítýngd börn, börn með tilfinningaleg vandamál eða einhverjar raskanir í þroska, hvort sem farið hefur fram greining á barninu eða ekki. Leikskólinn í Stykkishólmi er skóli án aðgreiningar.

Teymisfundir eru á sex – átta vikna fresti fyrir fatlaða nemendur en þeir eru haldnir í samstarfi við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Ráðgjafa Þroskaþjálfí kemur á teymisfundina ásamt foreldrum viðkomandi barns þegar þetta á við. Leikskólinn leggur fyrir Hljóm-2 athugun á hljóð- og málvitund elstu nemenda leikskólans að hausti og einnig er Efi-2 málþroskaathugun gerð á yngri börnum þegar það á við sem og Íslenski þroskalistinn.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSSF) annast sérfræðiþjónustu við Leikskólann í Stykkishólmi. Forstöðumaður er Sveinn Þór Elínbergsson.

Félags- og skólaþjónustan er með vef þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsingar um starfsemina. Slóðin á vefinn er: <http://www.fssf.is/>

Þeir sérfræðingar sem koma að leikskólanum í Stykkishólmi eru sálfræðingur og talmeinafræðingur. Heimsóknir talmeinafræðings eru þrjár fyrir áramót og þrjár eftir áramót. Sálfræðingur kemur að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Foreldrum er gefinn kostur á að panta tíma hjá viðkomandi sérfræðingum.

Í vetur var auk þessa tilraunaverkefni með Tröppu talþjálfun í samstarfi við grunnskólann fyrir þau börn sem eiga rétt á niðurgreiddri talþjálfun frá Tryggingastofnun eftir greiningu frá talmeinafræðingi. Framhaldið á því verður endurskoðað fyrir næsta skólaár.

## Uppeldi og menntun

### Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla er grundvöllur leikskólastarfs og sá leiðarvísir sem við byggjum á okkar uppeldis-og menntastarf.

Hver leikskóli á samkvæmt lögum að gera sér sína skólanámskrá og kom endurskoðuð skólanámskrá leikskólans út 5. febrúar 2018.

Leikskólinn í Stykkishólmi leggur áherslu á skapandi starf í sinni víðustu mynd. Litið er svo á að hvert barn sé skapandi og virkt og það er okkar hlutverk að styðja hvert barn til þroska. Leikskólinn í Stykkishólmi leggur áherslu á sérstöðu hvers barns og að gefa hverju barni tækifæri á að hafa áhrif á sína leikskólagöngu. Það er m.a. gert með skráningum í leikskólastarfi og einstaklingsnámskrám sem unnar eru í samstarfi við foreldra/forráðamenn og börnin sjálf. Í leikskólastarfi er lögð áhersla á fjölbreytt viðfangsefni innan og utandyra og á vordögum 2019 er að hefjast þróun á aukinni útikennslu með tveimur elstu árgöngum leikskólans.

Í leikskólanum fá öll börn mat miðað við þeirra vistunartíma en boðið er upp á morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu ásamt ávaxta/grænmetisstundum.

### Skipulagsdagar

Leikskólinn í Stykkishólmi er með fjóra heila skipulagsdaga og tvo hálfra (þá er lokað frá kl. 12), einn heill og tveir hálfir voru á haustönn og þrír heilir á vorönn. Á skipulagsdögum er m.a. unnið að endurmenntun starfsfólks, unnið í og farið yfir skólanámskrá, undirbúin foreldraviðtöl ofl. Þetta skólaár voru t.d. skyndihjálparnámskeið, kynning á eineltisstefnu Stykkishólmsbæjar, kynning á nýjum persónuverndarlögum, fyrirlestur varðandi barnavernd, Lubbanámskeið o.fl. á skipulagsdögum. Einnig var farið yfir rýmingaráætlun, samskiptasáttmála leikskólans, upplýsingaöryggisstefnu, vinnsluskrá og áhrifamat/sjálfsmat vegna persónuverndarlaga sem unnið var að á þessu skólaári, auk þess sem þeir kennarar leikskólans sem sækja námskeið utan skólans segja jafnan frá þeim námskeiðum á skipulagsdögum.

### Leikskóladagatal

Á hverju vori er gefið út leikskóladagatal sem er unnið í samvinnu við Tónlistarskólann og Grunnskólann í Stykkishólmi. Helsta breytingin á leikskóladagatali fyrir 2019-2020 er stytting sumarlokunar í 20 daga.

### Foreldra samstarf

Mikil áhersla er lögð á daglegt samstarf og samvinnu við foreldra/forráðamenn. Einnig eru samskipti í formi tölvupósta, skilaboða á Karellen, fréttu á heimasíðu, foreldrafunda og foreldraviðtala sem eru föst tvisvar á ári. Eftir foreldraviðtöl á haustin eru útbúnar einstaklingsáætlanir fyrir skólaárið sem byggja á viðræðum kennara og foreldra í viðtölunum.

## Leikskólinn í Stykkishólmi 2018-2019

---

Við leikskólann starfa bæði foreldrafélag og foreldraráð. Foreldraráð skal starfa samkvæmt lögum um leikskóla og í því eru þrír fulltrúar foreldra og leikskólastjóri. Foreldraráð er til ráðgjafar um skólanámsskrá, skóladagatal og fleira sem kemur að faglegu starfi leikskólans. Foreldrafélag sér um jólaföndur og skemmtanir fyrir börnin ásamt því að vera vettvangur fyrir foreldra til að hittast og skiptast á skoðunum um leikskólamál.

### Annað samstarf

Leikskólinn í Stykkishólmi á í góðu samstarfi við Grunnskólann og Tónlistarskólann í Stykkishólmi. Við fáum heimsókn litlu lúðrasveitarinnar um það bil tvisvar á ári og eins koma stakir hljóðfæraleikarar til okkar. Einnig er farið í heimsókn með elstu nemendum leikskólans í tónlistarskólann og þeim kynnt hjóðfæri og fleira sem tengist tónlistarnámi.

Grunnskólinn og leikskólinn skiptast á nemum þar sem börn úr 1. bekk koma til okkar og við sendum börn úr elsta hóp í grunnskólann. Eins fá leikskólabörnin góða kynningu á grunnskólastarfi með heimsókn væntanlegs grunnskólakennara þeirra í leikskólann. Elstu nemendum leikskólans er einnig boðið á lokaæfingu árshátíðar yngri deilda grunnskólans ár hvert. Samstarfinu líkur með þriggja daga vorskóla í maí á hverju ári.

Skólustjórar skólanna hittast reglulega á fundum til að efla samstarfið og vinna m.a. saman að dagatölum skólanna.

Í vetur fóru börn af elstu deildinni í reglulegar ferðir á bókasafnið og á vordögum var hafið samstarf við dvalarheimilið þar sem hópar eldri barna í leikskólanum voru með íbúum dvalarheimilisins í félagsstarfinu þar.

Í leikskólann fáum við leiksýningar af og til, oft í samstarfi við foreldrafélagið. Á haustönn sá elsti árgangurinn sýninguna „Sögustund“ með Brúðuheimum í boði Þjóðleikhússins sem sýnd var í september á Hótel Stykkishólmi og Einar Mikael töframaður var með sýningu í leikskólanum síðar í sama mánuði. Í júní kemur leikhópurinn Flækjur með sýninguna „Það og Hver“.

### Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun var lögð fyrir skólanefnd í haust. Henni hefur verið fylgt vel eftir og hafa allir starfsmenn tekið virkan þátt í henni. Starfsmenn sóttu fjölbreytt námskeið bæði á skipulagsdögum og utan þeirra auk þess sem farnar voru vettvagnsferðir ófaglærðra starfsmanna í leikskólann Sólvelli í Grundarfirði. Matráðar fóru á sérsniðið námskeið fyrir þá, leikskólastjórar og deildarstjórar fóru á sérsniðin námskeið fyrir þá og einnig var um að ræða námskeið tengd einhverfu, málörvun og yngstu börnunum o.fl.

## Skólaárið í hnotskurn

Í leikskólastarfi myndast gjarnan ákveðnar hefðir og venjur sem þróast svo í gegnum árin. Leikskólinn í Stykkishólmi er þar engin undantekning, heldur sínar hátíðir og hefur komið sér upp ríkum hefðum sem setja svip sinn á skólasterfið.

**Sumarhátíð:** Hefð hefur skapast fyrir sumarhátíð í leikskólanum á síðasta virka degi fyrir þjóðhátíðardaginn okkar 17. júní. Nú hefur hjóladegi verið bætt við hefðbundna leikja- og grill dagskrá þann dag og þá fáum við lögregluna á staðinn til að kíkja á hjólin og hjálmana.

**Aðventan:** Farið var í hefðbundna kirkjuferð með grunn- og tónlistarskóla, Litlu jólin með hefðbundnum helgileik þar sem endað er á jólaballi. Leikfélagið aðstoðaði okkur með ráðningu á jólasveinum, foreldrafélagið með að útvega sveinkunum gjafir og tveir pabbar hjálpuðu til með undirspil og söng. Foreldrafélagið stóð fyrir jólaföndri fyrir allar deildir á skólatíma. Börnin útbjuggu jólagjöf fyrir foreldra sína. Helgileiksskráning fer í ferilmöppur barnanna og einnig jólagjafaskráning.

**Þorablót/Bóndadagur:** Þorrinn var blótaður í janúar með nýju sniði þar sem öllum þeim karlmönnum sem skipa stórann sess í lífi barnanna var boðið á þorablót á bóndadaginn á milli kl. 15-16.

**Konudagur:** Á föstudeginum fyrir konudaginn var öllum þeim kvenkynspersónum sem skipa stóran sess í lífi barnanna boðið í konudagskaffi með vöflum o.fl. á milli kl. 15-16.

**Öskudagur:** Fyrir öskudaginn búa nemendur leikskólans sér til búninga sem taka mjög langan tíma í undirbúningi, allt frá hugmyndavinnu til framkvæmdar. Mikið er lagt upp úr öskudagsskráningu í ferilmöppur barnanna þar sem bæði hugmyndavinnunni og endanlegri útkomu á búningi eru gerð skil.

**Útskriftarferð:** Elstu nemendur leikskólans fara ásamt kennurum sínum og foreldrum í gönguferð á Gráukúlu. Þessi ferð er mjög vinsæl og hefur tekist mjög vel. Það er farið að morgni og komið heim eftir hádegi. Skráning á ferðinni fer í ferilmöppur barnanna.

**Útskrift:** Elstu nemendur leikskólans eru útskrifaðir formlega í lok maí ár hvert, þó svo flest þeirra séu jafnan áfram fram að sumarlokun. Á útskrift sem er seinni part dags sýna börnin fjölskyldum sínum dagskrá sem þau hafa undirbúið vikurnar áður, skuggaleikhús með söng, hljóðfæraleik og brúðum. Útskriftarskráning fer í ferilmöppur barnanna.

**Opið hús:** Hefð hefur skapast fyrir opnu húsi í leikskólanum á vorin þar sem við tökum á móti gestum frá kl. 14-16 (Bakki 15-16). Þar er boðið upp á hollar léttar veitingar og börnin sýna verk sín bæði á veggjum leikskólans og í möppum þeirra auk þess sem á borðum eru ýmis verkefni, þrautabraut í salnum o.fl.

**Afmælishátíð:** Síðasta föstudag í mánuði er jafnan afmælishátíð þar sem haldið er upp á afmæli þeirra sem fæddir eru í viðkomandi mánuði. Þá er bökuð kaka í eldhúsinu (einstaka sinnum íspinni). Við hittumst í söngstund og syngjum fyrir afmælisbörnin og síðan er haldið inn á deildir þar sem afmælisbörnin blása á kerti og bjóða upp á kökur. Á sjálfan afmælisdaginn fá börnin afmælistórónu, sungið er fyrir þau og þeim hampað á ýmsan hátt. Afmælistíðing fer í ferilmöppur barnanna.



**Bangsadagurinn:** Á alþjóðlega bangsadaginn 27. október ár hvert höldum við upp á bangsadaginn með því að koma í náttfötum í leikskólann með okkar uppáhalds bangsa. Í kjölfarið á deginum tóku við sérstakar vinaþema vikur fram að adventunni. Í vinavikunum fá börnin senda heim hrósmíða með einhverjum jákvæðum skilaboðum.

**Annað starf:** Danskennslan var á sínum stað á haustönn en Jón Pétur danskennari kenndi tveimur elstu árgöngunum í tveimur hópum sem fengu 8 skipti hvor. Nemendur úr eldri bekkjum grunnskólans voru til aðstoðar og endað var á sameiginlegri sýningu í íþróttahúsinu.

Leikskólinn tók þátt í Norðurljósunum menningarhátíð í október þegar sett var upp myndlistarsýning í gluggum Skipavíkur búðarinnar. Þar áttu allir nemendur eitt verk. Sýning á sumarmyndum verður sett upp á sama stað í tilefni 17. júní. Tveir elstu árgangar leikskólans tóku einnig þátt í 100 ára afmæli fullveldisins og unnu fánaverkefni sem var til sýnis í grunnskólanum á fullveldisdaginn.

Nokkrum sinnum í mánuði er opnað á milli deilda og börnin fá að flæða á milli deilda og verkefna, velja sér þannig viðfangsefni og fara aðeins út fyrir sitt öryggissvæði ef þau langar til.

Á öllum deildum vinna börnin í hópum að smærri og stærri verkefnum. Við erum með málörvunarnámsefnið um Lubba áberandi í starfinu og einnig var í vetur hafin innleiðing á eineltisverkefni Barnaheilla, Vináttu. Búið er að setja niður Vináttu námskeið fyrir alla starfsmenn á skipulagsdegi 19. ágúst n.k. í leikskólanum.

Þemað hefur að öðru leyti tengst náttúrunni og umhverfinu í kring auk þess sem yngri börnin vinna mikið með sig sjálf, nánasta umhverfi og fjölskyldur þeirra. Vegna mikils fjölda nemenda í leikskólanum hefur frekari útikennsla verið í þróun á elstu deildinni og mun það verða þróað enn frekar á næsta skólaári. Ýmiskonar vettvangsferðir og heimsóknir hafa einnig verið áberandi í starfinu. Settar eru niður kartöflur í garðinum.

### Áætlanir, reglugerðir og eyðublöð

Unnið var að og farið yfir ýmsar áætlanir, eyðublöð og reglugerðir á skólaárinu.

**Viðbragðsáætlun:** Farið var yfir viðbragðsáætlun við áföllum og slysum í leikskólanum, áætlunin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og á flettitöflum deildanna. Inni á hverri deild og í eldhúsi er yfirlit yfir þau börn sem eru með ofnæmi eða sjúkdóma af einhverju tagi. Allir starfsmenn fara á skyndihjálparnámskeið annað hvert ár, síðast í ágúst 2018.

**Rýmingaráætlun:** Farið var yfir rýmingaráætlun á skipulagsdegi með starfsmönnum og þegar nýtt starfsfólk hefur störf er ávallt farið yfir þau mál, staðsetningu slökkvitækja og útgönguleiðir. Við fengum slökkviliðsmenn í heimsókn til okkar í maí þar sem þeir sýndu okkur búnað sinn, fóru í búningana og við fengum að heyra í talstöðvunum og auðvitað skoða slökkvibílinn. Við höfum ekki haldið brunaæfingu þar sem börnin eru látin rýma húsið en þess í stað farið yfir með starfsmönnum hvaða gera þarf þegar bjallan fer í gang eða elds verður vart. Bjallan hefur nokkrum sinnum farið í gang í vetur þar sem bilum kom upp.



**Persónuverndarlög:** Unnið var að innleiðingu nýrra persónuverndarlaga í vetur. Starfsmenn fengu kynningu frá persónuverndarfulltrúa í upphafi skólaársins. Leikskólastjóri vann að vinnsluskra með lýsingu á öllum vinnslum persónuupplýsinga í leikskólanum og gerði áhrifamat/sjálfsmat fyrir leikskólann. Marinó Njálsson öryggisfulltrúi var ráðinn af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til ráðgjafar með þessa vinnu og von er á reglubók út frá þeim gögnum sem leikskólinn skilaði. Einnig var samþykkt upplýsingaöryggisstefna fyrir leikskólann og útbúin samþykktarblöð bæði varðandi birtingu ljósmynda og myndverka barnanna o.fl..

**Jafnréttisáætlun:** Endurskoða þarf jafnréttisáætlun leikskólans og gera framkvæmdaráætlun fyrir 1. ágúst n.k. og senda Jafnréttisstofu til samþykktar en stofnunin sendi leikskólanum upplýsingar um það á dögnum að sú áætlun sem í gildi er nú samræmist ekki þeim kröfum sem gerðar eru til slíkra áætlanna. Er í vinnslu.

**Forvarnarstefna:** Endurskoðun stendur yfir.

**Eyðublöð:** Farið var yfir umsóknareyðublöð og fyrstu viðtalsblöð og þau lagfærð í takt við ný persónuverndarlög. Útbúin voru samþykktarblöð varðandi myndverka- og ljósmyndabirtingar sem foreldrar undirrita þegar barn þeirra hefur leikskólagöngu sína. Einnig voru innritunarreglur leikskólans uppfærðar í takt við núverandi stöðu í leikskólanum. Skipulag fyrir aðlögun var einnig yfirfarið og samræmt.

### Önnur mál

Rætt var um í vetur að **bæta þyrfti nettengingar** í leikskólanum svo sú tækni sem leikskólinn hefur yfir að ráða virki sem skyldi s.s. Karelle leikskólakerfið. Einnig þarf að fara yfir starfsumhverfið í tölvunum og klára að setja það upp með þeim hætti að auðveldara sé að aðgangsstýra skráum og gögnum.

Leikskólastjóri lagði til við bæjaryfirvöld að endurskoða **reglur um námsstyrki** til þeirra sem hyggjast stunda leikskólakennaranám eða annað nám á háskólastigi á sínum vinnustað. Núgildandi reglur eru síðan árið 2003. Það er í vinnslu þegar þetta er skrifað.

Einnig hefur verið rætt um **leiðir til að umbuna þeim starfsmönnum sem mæta vel** í vinnu og einnig skoða með hvaða hætti hægt er að **koma til móts við starfsmenn leikskólans í auknu álagi** þar sem fleiri börn eru í leikskólanum en æskilegt væri við þessar aðstæður og hlutfall fagmenntaðs starfsfólks undir þeim mörkum sem þau ættu að vera. Leikskólastjóri mun vinna tillögublað til bæjarstjóra varðandi þetta.

**Huga þarf að stækkun leikskólans** þar sem þróunin virðist stefna í þá átt að áfram eigi börnum eftir að fjölga.

Skoða þarf betur **umferðarmál á Aðalgötunni við leikskólann**. Þrátt fyrir þær aðgerðir sem búið er að fara í með betri merkingum við gangbrautina hefur ekki hægt á umferð, eina sem hefur breyst er að nú geta bílar ekki verið með framúrakstur þarna. Leikskólanemendur þurfa í auknum mæli með tilkomu meiri útkennslu í skólanum að fara yfir þennan hættulega veg og því förum við þess á leit við bæjaryfirvöld að skoða mögulegar úrbætur s.s. blikkljós, hraðahindranir eða hraðamælar.

Halda þarf áfram til hoga að þörf er á **leikskólafulltrúa** hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga eins og á að vera samkvæmt lögum.

Stykkishólmi 6. Júní 2019, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, leikskólastjóri